



Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri

Vinna að gerð stefnu SHA hófst haustið 2019 og var stefnan í framhaldinu samþykkt af Stúdentaráði 2019-2020. Stefnan er uppfærð árlega eftir vinnufund SHA, þar sem fjölbreyttur og breiður hópur stúdenta kemur saman. Er það svo í höndum framkvæmdastjórnar SHA að taka saman niðurstöður vinnufundarins og uppfæra stefnu SHA í samræmi við þær.

Stefnan skiptist í eftirfarandi kafla

Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í alþjóðamálum	0
Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í atvinnumálum	1
Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í fjölskyldumálum	2
Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í gæðamálum	3
Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í húsnæðismálum	4
Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í jafnréttismálum	5
Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í náms- og kennslumálum	8
Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í umhverfis- og samgöngumálum	10

Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í alþjóðamálum

1. Skiptinemar

Á hverju misseri kemur fjölbreyttur hópur stúdenta til að stunda skiptinám við Háskólann á Akureyri. Mikilvægt er að stúdentar HA taki vel á móti þeim skiptinimum sem hingað koma

og hvetji þá til að taka þátt í hásskólasamfélaginu. Alþjóðafulltrúi HA ber ábyrgð á skiptinemunum í samstarfi við Alþjóðanefnd SHA. Formaður Alþjóðanefndar skal vera í góðum samskiptum við Alþjóðafulltrúa. Mikilvægt er að Alþjóðanefnd SHA sé virk og aðstoði skiptinema eftir bestu getu við að fóta sig innan háskólasamfélagsins. Það getur til dæmis verið gert með því að halda viðburði á borð við menningarkvöld og tungumálakaffi.

Auk þess er sérlega mikilvægt að SHA og aðildarfélög þess tryggi að skiptinemar hafi jafnan aðgang að upplýsingum og íslenskumælandi nemar um viðburði með því að hafa auglýsingar á bæði ensku og íslensku, til þess að tryggja upplýsingaflæði og aðgengi. *Sjá nánar stefnu SHA í jafnréttismálum.*

Öll aðildarfélög innan SHA, Data að undanskildu, skulu hafa fulltrúa í Alþjóðanefnd SHA.

2. Stúdentar HA sækja fram á við í alþjóðamálum

Til þess að efla hæfni, færni og víðsýni stúdenta við Háskólann á Akureyri er mikilvægt að hvetja til þátttöku í alþjóðalþjóðamálum t.d. með því að sækja skiptináms eða námskeið sem kennd eru erlendis frá. Aðsókn íslenskra stúdenta í skiptináms er ekki nægilega góð þrátt fyrir reglulegar kynningar Alþjóðafulltrúa HA, en ætla má að margir stúdentar mikli skiptináms fyrir sér.

SHA sér tækifæri til að gera breytingu á þessu með því að kynna skiptináms betur og hafa það sýnilegra innan háskólans t.d. með gestafyrirlesturum frá erlendum háskólum ásamt reynslusögum og kynningum frá þeim stúdentum sem hafa farið í skiptináms.

Skiptináms skal vera aðgengilegt fyrir öll innan háskólans óháð námsleið.

Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í atvinnumálum

1. Námslotur

Námslotur innan HA eru jafn fjölbreyttar og þær eru margar, enda deildir háskólans og áherslur þeirra ólíka. SHA telur að með sveigjanlegu námsfyrirkomulagi sé hægt að sækja vel

fram þegar kemur að námslotum. SHA telur að allar deildir skulu hafa a.m.k. eina lotu á námsári sem skylda er að mæta í. Ef skyldumæting er í lotu ætti að vera skilyrði að þar sé eitthvað meira í boði heldur en hefðbundinn fyrirlestur eða annað sem krefst í raun ekki mætingu á staðinn.

SHA telur að lotur eigi að nýta í eitthvað fjölbreytt, nýtt og framsækið fyrir stúdenta og ættu síst að einkennast af fyrirlestrum. Stúdentar þurfa að sjá hag sinn í því að mæta til Akureyrar og efla þátttöku sína í því háskólasamfélagi sem hér er. SHA telur að lotur ættu að nýtast í eitthvað gagnlegt s.s. verklegar æfingar og verkefnavinnu. Einnig er tækifæri til að nýta lotur í kynningar á því hvaða möguleikar standi til boða að námi loknu og/eða tengja við atvinnulífið þar sem væri lögð áhersla á heimsóknir í fyrirtæki og/eða stofnanir á svæðinu.

2. Nærsamfélagið

Mikilvægt er að nýta þá sérstöðu sem HA býr yfir varðandi staðsetningu og efla tengsl stúdenta við nærsamfélagið. Til þess er hægt að fara fjölbreyttar leiðir, eins og fram hefur komið í fyrsta kafla varðandi námslotur. Einnig hafa stúdentar reglulega kallað eftir því að verkefni tengist atvinnulífinu í auknum mæli. Slík verkefnavinna gefur stúdentum tækifæri til þess að tengjast nærsamfélagi sínu betur, en eins og alkunna er skilja verkefni gjarnan meira eftir heldur en stöðluð lokapróf. Þá þykir SHA mikilvægt að efla þverfaglegt samstarf á milli deilda háskólans enn frekar.

3. Fyrstu skrefin á atvinnumarkaði

Náms- og starfsráðgjöf hefur reglulega boðið stúdentum upp á kennslu í gerð ferilskrár og telur SHA að mikilvægt sé að halda því áfram í samvinnu við SHA. Þegar kemur að því að koma sér á framfæri er að mörgu að huga og ætti SHA að huga að því að bjóða upp á gagnlega fræðslu því tengdu. SHA sér meðal annars tækifæri í því að nýta fræðslutorg sem haldin eru í HA til slíkrar fræðslu og jafnvel að leita til fyrri nemenda til að miðla reynslu sinni að námi loknu áfram til núverandi nemenda.

Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í fjölskyldumálum

1. Sveigjanlegt nám

Háskólinn á Akureyri hefur skapað sér sérstöðu hvað varðar sveigjanlegt námsfyrirkomulag en í því felast margir kostir, til dæmis fyrir fjölskyldufólk. Þó þarf að gæta þess að aðgengi allra stúdenta sé jafnt, *sjá nánar stefnu SHA í jafnréttismálum*.

2. Húsnæði

Mikilvægt er að framboð FÉSTA á fjölskylduvænum íbúðum sé gott til að tryggja að fjölskyldufólk hafi aðgang að slíkum íbúðum, kjósi það að búa á Akureyri. Nemendur skólans ættu að sjá hag sinn í því að flytja til Akureyrar og stunda hér nám. Þegar kemur að kynningarmálum þarf að leggja enn frekari áherslu á kosti þess að búa á Akureyri þar sem allt er til alls og sveitarfélagið fjölskylduvænt.

3. Fjölskylduvænir viðburðir

Eins og gefur að skilja stundar fjölbreyttur hópur stúdenta nám við Háskólann á Akureyri. Því er mikilvægt að SHA og aðildarfélögin leggi sig fram við að bjóða upp á fjölbreytta viðburði til að ná til flestra. Þess vegna er höfuðatriði að boðið sé upp á viðburði sem eru fjölskylduvænir.

Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í gæðamálum

Gæði eru lykilinn að góðu háskólanámi og ættu alltaf að vera höfð í fyrsta sæti, þegar ákvarðanir eru teknar varðandi innritun stúdenta og námsfyrirkomulag.

1. Kennsluhættir

Stuðla skal að fjölbreyttum og nútímavæddum kennsluháttum þar sem gæði eru höfð í fyrsta sæti. Mikilvægt er að kennarar Háskólans á Akureyri séu duglegir að sækja sér þau námskeið og þá símenntun sem þeim stendur til boða innan KHA, öllum til hagsbóta. Þá er mikilvægt að fyrirlestrar séu uppfærðir reglulega, en telur SHA ekki eðlilegt að nota margra ára gamla fyrirlestra. Ástæðan er sú að samfélagið breytist hratt og ætti að taka mið af og

styðjast við þær rannsóknir sem eru nýjastar hverju sinni.

2. Vinnuálag í námskeiðum

Mikilvægt er að vinnuálag allra námskeiða innan háskólans sé í samræmi við fjölda ECTS eininga og að því sé fylgt eftir. Hver ECTS-eining samsvarar 25-30 vinnustundum.

3. Kennsluáætlun og aðgengi að Moodle/Canvas

Mikilvægt er að stúdentar fái ætíð kennsluáætlun, stundatöflu og aðgang að kennslukerfum námskeiða á tilsettum tíma til að geta hafið undirbúning sem fyrst. Þá skal alltaf gæta að samræmi kennsluáætlunar og kennslunnar sjálfrar.

4. Prófanúmer

Vegna stærðar háskólans og þeirra kennsluhátta sem notaðir eru getur verið erfitt að notast við prófanúmer í öllum námskeiðum, sérstaklega þar sem notast er við símat. SHA leggur þó ríka áherslu á að prófanúmer séu notuð í öllum tilfellum þegar um samkeppnispróf er að ræða.

5. Upplýsingaflæði á milli kennara og nemenda

Mikilvægt er að allir stúdentar hafi sömu upplýsingar frá kennurum. Til að tryggja það skulu kennarar notast við spjallþræði á kennslukerfum í auknum mæli þar sem allir geta séð spurningar nemenda og svör frá kennurum.

Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í húsnæðismálum

1. Félagstofnun stúdenta á Akureyri – FÉSTA

Félagstofnun stúdenta á Akureyri er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir stúdentar við HA og Akureyrarbær eiga aðild að. FÉSTA á og rekur stúdentagarða ásamt því að annast þjónustu þeim tengdum við stúdentana.

Boðið er upp á mikið úrval húbýla, allt frá einstaklingsherbergjum að þriggja herbergja íbúðum. Stúdentagarðarnir dreifast um Akureyri og er því ekki um eigindlegan kjarna að ræða. FÉSTA á íbúðir í Drekgili, Kjalarsíðu, Klettastíg, Tröllagili og Útsteini.

Einstaklingsherbergin eru 38 talsins og skiptast á milli stúdentagarðanna á Klettastíg og Útsteini, en raunin er sú að slíkur húsnæðiskostur er vinsæll meðan stúdenta. Þá eru íbúðirnar sem í boði eru ýmist tveggja eða þriggja herbergja og henta fjölskyldufólki vel vegna stærðar.

2. Samvinna SHA og FÉSTA

Samtarf á milli SHA og FÉSTA hefur verið ábótavant í gegnum tíðina en á starfsárinu 2019–2020 varð loksins breyting þar á. Höfðu flutningar og sameiginlegt skrifstofuhúsnæði SHA og FÉSTA þar mikil og jákvæð áhrif. Mikilvægt er að byggja upp góða, sterka og skilvirka samvinnu á milli SHA og FÉSTA þar sem að bæði félögin þjónusta fyrst og fremst stúdenta skólans. Þá má ekki gleyma að húsnæðismál eru stórt hagsmunamál fyrir stúdenta og þörf á góðu samstarfi mikil. Framkvæmdastjórn SHA skal gæta þess að þeir fulltrúar stúdenta sem kjörnir eru í stjórn FÉSTA taki virkan þátt sem meðlimir í stjórninni. Einnig skal framkvæmdastjórn ganga úr skugga um að fulltrúar í stjórn FÉSTA mæti undirbúnir á fundi, leggi til málanna og hafi ætíð hagsmuni stúdenta HA að leiðarljósi.

3. Framtíðarsýn og markmið

Mikilvægt er að horfa til framtíðar þegar kemur að FÉSTA. SHA telur mikilvægt að hugað verði að gerð stúdentagarða á háskólasvæðinu og ætti það að vera markmið stjórnar FÉSTA að hefja uppbyggingu á hundasvæðinu fyrir neðan háskólann. Með því væru stúdentagarðar beintengdir við háskólann. Þá væri kostulegast að byggja minni íbúðir en þó væri gætt að aðgengi að fjölskylduíbúðum samhliða því. SHA sér tækifæri á slíkum stúdentagörðum, þar sem að hægt væri að leigja út íbúðir fyrir stúdenta sem koma í lotur. Séu námskeið kennd við HA yfir sumartímann, er einnig um gott tækifæri að ræða.

Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í jafnréttismálum

1. Jafnrétti innan háskólans

Innan veggja Háskólans á Akureyri starfar öflugt Jafnréttisráð. SHA er skylt að fylgja eftir [Áætlun HA um jafna stöðu kynjanna](#) og [Siðareglum HA](#). Mikilvægt er að SHA kynni stúdenta reglulega fyrir bæði áætluninni og reglum. Einnig skal framkvæmdastjórn stikla á þeim strax á nýnemadögum háskólans. Þá bendir SHA einnig á að á vefsíðu háskólans má finna hnapp þar sem hægt er að tilkynna um einelti og ofbeldi.

2. Jafnt aðgengi að námi

Stúdentahópur Háskólans á Akureyri er fjölbreyttur og hefur háskólinn skipað sér ákveðna sérstöðu þegar kemur að sveigjanlegu námsfyrirkomulagi. Mikilvægt er að tryggja jafnt aðgengi allra stúdenta að námi háskólans og skal aldrei mismuna stúdentum eftir því hvort að þeir kjósi að stunda staðarnám eða vera annarsstaðar. Þegar kemur að upptökum kennslustunda og fyrirlestra er mikilvægt að upptökur séu ætíð aðgengilegar. Þess þarf sérstaklega að gæta þeir stúdentar sem nýta sér upptökur missi ekki af umræðum sem fara fram í kennslustundum og sömuleiðis að nemendur sem ekki eru á staðnum hafi kost á því að taka þátt í umræðum í rauntíma.

Innan veggja HA er einstakt námssamfélag þar sem stærðskólans spilar stórt hlutverk. Kostir þess eru meðal annars að aðgengi stúdenta að kennurum og starfsfólki skólans er almennt mjög gott. Mikilvægt er að kennarar kynni vel fyrir stúdentum hvernig best sé að nálgast þá og á hvaða tímum. Þá er æskilegt að notast við umræðupræði á kennslukerfum til að svör kennara við fyrirspurnum séu aðgengileg fyrir öll. Stúdentar sem taka þátt í kynningarstarfi skulu leggja sitt að mörkum við að koma því á framfæri að hægt er að stunda nám við HA óháð kyni.

3. Aðgengismál

Aðgengismál innan veggja háskólans eru almennt góð. Þó þarf að gæta þess þegar breytingar eru gerðar, að jafnt aðgengi allra sé tryggt. Þar sem að flestir viðburðir SHA og aðildarfélaga þess eru haldnir fyrir utan veggja háskólans, er nauðsynlegt að staðsetningar séu valdar með aðgengismál í huga. Það skal ætíð tryggt að öll hafi kost á því að sækja alla viðburði án þess að hafa áhyggjur að aðgengi.

4. Erlendir nemendur

Á hverju misseri koma erlendir stúdentar í Háskólann á Akureyri til þess að stunda skiptinám. Nokkur takmörkun er á þeim námskeiðum sem skiptinemar geta sótt þar sem að stór hluti námskeiða HA eru kennd á íslensku. Aukið framboð af námskeiðum á ensku myndi auka fjölbreytni í námi skiptinema og gera þeim kleift að stunda nám sem sammælist frekar því námi sem þeir leggja stund á í sínum heimaskólum.

Móttaka skiptinema er í höndum Alþjóðafulltrúa HA. SHA hefur ætíð átt gott samstarf við Alþjóðafulltrúann og hefur formaður Alþjóðanefndar SHA verið í forsvari fyrir því samstarfi. Formaður Alþjóðanefndar SHA hefur einnig haldið utan um félagslíf skiptinema og séð til þess að skiptinemar fái allar upplýsingar á ensku. Þrátt fyrir það geta SHA og aðildarfélög þess gert betur þegar kemur að því að hafa auglýsingar sínar á ensku.

Þrátt fyrir öflugna Alþjóðanefnd gerist það gjarnan að skiptinemar hópi sig saman og myndi einskonar samfélag, en blandast gjarnan illa eða alls ekki við aðra stúdenta háskólans. Þessu þarf að bæta úr og skal SHA sýna frumkvæði og vera leiðandi þar.

5. Stoðþjónusta

Stúdentum við Háskólann á Akureyri býðst öflug og fagleg náms- og starfsráðgjöf sér að kostnaðarlausu. Mikilvægt er að SHA kynni það úrræði fyrir nemendum vel og reglulega, þrátt fyrir að sú eining stoðþjónustunnar sé virk og sýnileg á nýnemadögum á ári hverju. Aðgengi og óskir um sérúrræði stúdenta þurfa alltaf að fara í gegnum náms- og starfsráðgjöf HA og er mikilvægt að meðlimir SHA séu upplýstir um það til að slíkar óskir fari í réttan farveg.

6. Kynning á starfsemi háskólans út á við

Háskólinn á Akureyri býr að fjölbreyttum hópi starfsfólks og stúdenta. Mikilvægt er að kynningarefni HA endurspegli þá fjölbreytni sem er innan veggja háskólans, á sama tíma og það leggur áherslu á sérstöðu HA t.d. með því að leggja áherslu á að allt kynningarefni sé

kynlaust. Þá er nauðsynlegt að það sé skýrt í öllu kynningar- og upplýsingaefni HA hvað felst í raun og veru í því að stunda sveigjanlegt nám.

Kynjahlutfall stúdenta er mjög ójafnt innan HA, sem og innan veggja annarra háskóla á Íslandi. Mikilvægt er að jafna kynjahlutfall og hvetja stráka til þess að sækja nám við háskólann og ætti að horfa á það þegar kemur að kynningarmálum háskólans.

Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í náms- og kennslumálum

Háskólinn á Akureyri hefur skapað sér sérstöðu þegar kemur að sveigjanlegu námsfyrirkomulagi. Mikilvægt er að það sé vel kynnt fyrir umsækjendum HA hvað felst í sveigjanlegu námi og að það sé svo ítreka það fyrir nýnemum við upphaf náms. Þá hefur ólíkur skilningur á sveigjanlegu námi á milli fræðasviða og deilda gjarnan valdið ruglingi. Því er mikilvægt að Háskólinn á Akureyri endurskoði og skýri stefnu sína hvað námsfyrirkomulagið varðar, hvað raunverulega er átt við með hugtakinu sveigjanlegt nám.

1. Námslotur á Akureyri

Liður í því að vera virkur þátttakandi í námssamfélagi HA er að mæta og taka þátt. Námslotur gefa gott tækifæri til þess að efla þessa þátttöku enn frekar. Þá telur SHA að einn mikilvægasti liður náms sé teymis- og hópavinna, en slík þátttaka undirbýr stúdenta fyrir atvinnulífið. Fyrirkomulag námslota er afar ólíkt á milli námsleiða og er það eðlilegt. Þrátt fyrir það er mikilvægt að allir stúdentar sjái hag sinn í því að mæta í námslotur á Akureyri. SHA telur að það ætti að vera skyldumæting í minnst eina námslotu á ári, en sé skylda að mæta í námslotu er nauðsynlegt að þar sé eitthvað annað á dagskrá heldur en hefðbundnir fyrirlestrar sem hægt er að sækja hvar og hvenær sem er. Hér er tækifæri til þess að tengja stúdenta við nærsamfélag háskólans í auknu mæli. *Sjá nánar stefnu SHA í atvinnumálum.* Þá skal SHA og aðildarfélög þess sérstaklega, gæta þess að hafa eitthvað félagslegt í boði fyrir stúdenta þegar lotur eru.

2. Námsfyrirkomulag

Mikilvægt er að fjölbreytni sé höfð að leiðarljósi þegar kemur að námsfyrirkomulagi. Stúdentar þurfa að sjá hvata í því að mæta og taka þátt í kennslustundum, hvort sem það er í kennslustofum, í gegnum fjarveru eða Zoom. Umræðutímar og verkefnavinna skilur almennt mikið eftir hjá nemendum og ætti námsfyrirkomulag aldrei að byggja eingöngu á fyrirlestur og stóru lokaprófi. Hægt er að fara fjölbreyttar leiðir þegar kemur að námsfyrirkomulagi, í einhverjum námskeiðum gæti vendikennsla hentað vel, þar sem að stúdentar horfa á fyrirlestur fyrir kennslustund og taka síðan þátt í umræðum og/eða verkefnavinnu með kennara í kennslustund. Sé það gert, þarf að gæta þess að nemar sem ekki eru á staðnum geti tekið þátt í gegnum Zoom eða fjarveru.

3. Námsmat

Námsmat skal framkvæma á fjölbreyttan hátt og þarf að huga að því hverskonar námsmat hentar best hverju sinni. Nauðsynlegt er að námsmat námskeiða sé fjölbreytt og forðast skal að styðjast eingöngu við stór lokapróf þar sem einkunn lokaprófs, ein og sér, endurspeglar ekki raunverulega hæfni og þekkingu stúdenta. Þá þarf að gæta sérstaklega að samþættingu námsmats og kennslu, námsmats og kennsluáætlunar ásamt samþættingu námsmats og lærdómsviðmiða hverju sinni. Tryggja skal að niðurstaða námsmats segi alltaf til um þá þekkingu og færni sem stúdentar hafa öðlast hverju sinni.

4. Endurgjöf

Endurgjöf skal ætíð vera veitt samkvæmt reglum HA um námsmat. Stúdentar eiga ætíð rétt á endurgjöf á verkefnum sínum og prófum, hvort sem að það er yfir misserið eða í lokaprófi/lokaverkefni.

Stefna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri í umhverfis- og samgöngumálum

1. Háskólinn á Akureyri í fararbroddi í umhverfismálum

Háskólinn á Akureyri er Grænánaskóli og ber öllum stúdentum skólans skylda til að kynna sér umhverfis- og samgöngustefnu Háskólans á Akureyri. Þá skal SHA ætíð fylgja þessari stefnu eftir.

Mikilvægt er að SHA eigi virka fulltrúa í Umhverfisráði HA, sem upplýsi SHA reglulega um störf og verkefni ráðsins, með það að markmiði að virkja og efla alla stúdenta í umhverfismálum.

2. Stúdentagarðar FÉSTA

Eftir ítrekaðar áskoranir og kröfur stúdenta var flokkunaraðstaða stúdentagarða FÉSTA loks bætt í lok árs 2019. Mikilvægt er að ekki verði afturför hvað þetta varðar og að fylgst verði með flokkun á stúdentagörðunum. Þá er einnig mikilvægt að kynningarefni varðandi flokkun sé aðgengilegt fyrir þá sem flytja á stúdentagarðana og þekkja ekki flokkunarkerfið. Fulltrúar SHA í Umhverfisráði skulu reglulega vera með fræðslu og áminningar á samfélagsmiðlum félagsins varðandi þetta.

3. Námslotur á Akureyri

Á hverju misseri kemur fjöldinn allur af stúdentum alls staðar að af landinu og jafnvel erlendis frá til að mæta í lotur norður til Akureyrar. Mikilvægt er að samnýta bíla til þess að stuðla að bættum umhverfisháttum. SHA skal virkja Facebook hópinn *Samferða Háskólinn á Akureyri* og hvetja þannig stúdenta til að sameinast í bíla fyrir lotur og aðra viðburði háskólans. Framkvæmdastjórn skal gera sitt besta hverju sinni við að bjóða stúdentum upp á gistingu á hagstæðu verði og skulu sérkjör stúdenta vera aðgengileg á vefsíðu (og appi?) SHA.

4. Virkur ferðamáti

Til þess að efla virkan ferðamáta stúdenta HA þarf að efla samgöngur á Akureyri, en leiðakerfi strætó hentar flestum þeim sem eiga leið í háskólann afar illa. Þá ætti að þrýsta á að byggð verði hjólageymsla við skólann svo að stúdentar og starfsfólk hafi kost á því að geyma hjól sín á öruggum stað komi þau hjólandi í skólann. Halda ætti reglulega viðburði til að efla vitund stúdenta og starfsfólks um umhverfismál. Dæmi um það væri til dæmis að efna til samkeppni í virkum ferðamáta og stuðla að því að slíkur ferðamáti sé notaður í ríkara mæli eða að loka bílastæðum við HA í einn dag til að vekja fólk til umhugsunar, líkt og Umhverfissráð hefur gert reglulega síðan 2019.

5. Végeirsstaðir

Í Umhverfisstefnu HA er kveðið á um að markvisst skuli vinna að því að auka hlut skógræktar í landi Végeirsstaða sem eru í umsjón HA. SHA skal hvetja stúdenta til þess að taka þátt í því samfélagsverkefni og taka frumkvæði þegar kemur að gróðursetningu.